

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi fyrir Ylströnd við Urriðavatn, Fljótsdalshéraði.

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti breytingu á deiliskipulagi fyrir Ylströnd við Urriðavatn þann 2. maí 2018. Deiliskipulagsbreytingin felur í sér breytingu á uppdrætti og skilmálum greinargerðar þar sem bílastæði eru færð til austurs og fjölgað úr 28 í 50, skipulagssvæðið er stækkað úr 2,4 í 3,0 ha og lóð stækkuð úr 19.429 í 27.930 m². Breytingin felur einnig í sér nýjan þjónustuveg að byggingu, göngu- og hjólastígur er færður til samræmis við breytinguna svo og breytta staðsetningu þynningarsvæðis baðlaugar. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Fljótsdalshéraði, 8. maí 2018.

Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 25. maí 2018